

ið á um öryggi hlutaðeigandi vöru og eftirlit með því að hún uppfylli settar kröfur í öðrum löndum.

Í reglugerð skal kveðið á um hvernig eftirliti með því að vara uppfylli þær kröfur sem til hennar eru gerðar skuli háttað og rétt skoðunarstofa til aðgangs að eftirlitsskyldri vöru.

Löggildingarstofan annast eftirlit skv. 2. mgr.

Ákvæði þetta fellur úr gildi 1. janúar 1997.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 8. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sighvatur Björgvinsson.

Nr. 53

8. mars 1995

LÖG

um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Markmið laga þessara er að stuðla að framkvæmdum við fráveitur sveitarfélaga með styrkveitingum.

Með fráveitu er í lögum þessum átt við leiðslukerfi og búnað til að meðhöndla skolp sem fullnægir kröfum laga og reglugerða um hreinsun þess áður en því er veitt í viðtaka.

2. gr.

Framkvæði að gerð áætlana um fráveitur og framkvæmdir í fráveitumálum er í höndum sveitarstjórna og á ábyrgð þeirra.

3. gr.

Framkvæmdir við sniðræsi frá safnkerfum fráveitna, rotþrær, hreinsi- og dælustöðvar og útrásir, sem unnar verða á tímabilinu 1. maí 1995 til 31. desember 2005, geta notið styrks úr ríkissjóði. Enn fremur er heimilt að styrkja úr ríkissjóði önnur skyld mannvirki, svo og framkvæmdir sem snúa að tvöföldun lagna í safnkerfum eldri fráveitna, enda sé sýnt að slíkar framkvæmdir lækki stofnkostnað við styrkhæfar framkvæmdir.

Undirbúningsrannsóknir, hönnun, kostnaður við útboð, fjármagns- og lántökukostnaður og kaup á löndum og lóðum vegna framkvæmda í fráveitumálum njóta ekki fjárstuðnings samkvæmt lögum þessum. Sama gildir um endurbætur á eldri kerfum og framkvæmdir sem eru umfram það sem krafist er í lögum og reglugerðum um hreinsun fráveituvatns.

4. gr.

Fjárhagslegur stuðningur ríkisins vegna framkvæmda sveitarfélaga við fráveitur skv. 3. gr. getur numið allt að 200 m.kr. á ári eftir því sem nánar er kveðið á um í fjárlögum, þó aldrei hærri upphæð en sem nemur 20% af staðfestum heildarraunkostnaði styrkhæfra framkvæmda næstliðins árs.

Heimilt er að ráðstafa allt að fjórðungi styrkupphæðar á hverju ári í þeim tilgangi að jafna svo sem kostur er kostnað einstakra sveitarfélaga við fráveitufamkvæmdir þegar miðað er við heildarkostnað á íbúa. Skal fráveitunefnd skv. 5. gr. gera tillögur um beitingu þessa ákvæðis sem ráðherra staðfestir.

5. gr.

Umhverfisráðherra skipar fráveitunefnd sér til ráðuneytis um fráveitumál sveitarfélaga. Í fráveitunefnd skulu eiga sæti þrír fulltrúar skipaðir til fjögurra ára í senn. Einn skal skipaður samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga, annar samkvæmt tilnefningu félagsmálaráðherra og sá þriðji skal skipaður án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

Fráveitunefnd fjallar um styrkumsóknir og framkvæmda- og kostnaðaráætlanir sveitarfélaga vegna framkvæmda í fráveitumálum á yfirstandandi ári og áætla styrkhæfni hvernar áætlaðrar framkvæmdar.

Í samræmi við mat á styrkumsóknum sveitarfélaga skal fráveitunefnd gera tillögu til umhverfisráðherra um framlag til fráveitumála sveitarfélaga á fjárlögum næsta árs.

Fráveitunefnd fjallar um upplýsingar sveitarfélaga um raunkostnað við framkvæmdir í fráveitumálum á næstliðnu ári. Nefndin skal meta og staðfesta kostnað við styrkhæfa framkvæmd í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Á grundvelli þeirrar staðfestingar gerir fráveitunefnd tillögur til umhverfisráðherra um styrkveitingu til hvers sveitarfélags vegna framkvæmda í fráveitumálum.

Fráveitunefnd er heimilt að leita sérfræðilegrar ráðgjafar í störfum sínum.

7. gr.

Sveitarfélög skulu fyrir 1. maí ár hvert senda fráveitunefnd umhverfisráðuneytisins umsókn um styrk vegna fráveitufamkvæmda á yfirstandandi ári. Með umsókninni fylgi heildaráætlun um fráveitufamkvæmdir í sveitarfélaginu sem fyrirhugað er að sækja um styrk fyrir og sérstök áætlun um þann áfanga sem áætlað er að vinna á yfirstandandi ári. Einnig fylgi með umsókninni tæknilegar upplýsingar um framkvæmdina ásamt teikningum og sundurliðaðri kostnaðaráætlun. Skilyrði fyrir fjárstuðningi er að framkvæmdin sé áfangi í heildarlausn á fráveitumálum sveitarfélags.

8. gr.

Sveitarfélög, sem fengið hafa úthlutað fjárstuðningi vegna fráveitufamkvæmda, skulu fyrir 1. mars ár hvert senda fráveitunefnd umhverfisráðuneytisins upplýsingar um raunkostnað sveitarfélagsins vegna framkvæmda við fráveitumál á næstliðnu ári í samræmi við áður senda áætlun.

9. gr.

Styrkir til sveitarfélaga vegna framkvæmda í fráveitumálum á næstliðnu ári skulu greiddir sveitarfélögum fyrir 1. maí ár hvert.

10. gr.

Umhverfisstjórnir hefur á hendi yfirstjórn fjárhagslegs stuðnings ríkissjóðs við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum og tekur endanlegar ákvarðanir um úthlutun styrkja að fengnum tillögum fráveitunefndar.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 8. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Össur Skarphéðinsson.

LÖG

um vernd Breiðafjarðar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja.

2. gr.

Ákvæði laganna taka til allra eyja, hólma og skerja á Breiðafirði ásamt fjörum í innri hluta fjarðarins sem markast af línu dreginni frá Ytranesi á Barðaströnd við fjörðinn norðanverðan í Hagadrápssker um Oddbjarnarsker, Stagley og Höskuldsey í Vallabjarg að sunnanverðu.

3. gr.

Umhverfisstjórnir fer með stjórn mála er varða vernd Breiðafjarðar samkvæmt lögum þessum. Um vernd menningarsögulegra minja fer samkvæmt þjóðminjalögum.

4. gr.

Breiðafjarðarnefnd er umhverfisstjórnir til ráðgjafar um allt það er lýtur að framkvæmd laga þessara. Í nefndinni eiga sæti sjö menn, sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn sem hér segir: Héraðsnefndir Dalasýslu, Austur-Barðastrandarsýslu, Vestur-Barðastrandarsýslu og Snæfellinga tilnefna einn fulltrúa hver, Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur á Vesturlandi og Vestfjörðum einn sameiginlega og einn er tilnefndur af þjóðminjaráði. Umhverfisstjórnir skipar einn mann í nefndina án tilnefningar og skal hann vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Nefndin skal í samráði við sveitarfélögin láta gera verndaráætlun þar sem fram kemur hvernig ná skuli þeim markmiðum sem sett eru með vernd svæðisins. Áætlun þessi skal send ráðherra til staðfestingar.